

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 10. janúar kl. 9.07, var haldinn 216. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Halldór Halldórsson og Áslaug María Friðriksdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagsráð, Mál nr. SN130008  
fundadagatal

Lagt fram fundadagatal umhverfis- og skipulagsráðs fyrir árið 2018, dags.10. janúar 2018.

#### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070  
Reykjavíkur, fundargerðir

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 15. desember 2017 og 5. janúar 2018.

3. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins Mál nr. SN170934  
2040, vaxtamörk á Álfsnesi - verklýsing  
vegna breytinga á svæðisskipulagi  
681077-0819 Samtök sveitarfél höfuðborgarsv, Hamraborg 9, 200 Kópavogur  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. desember 2017 ásamt verklýsingu vegna breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem felst í breyttri afmörkun vaxtamarka á Álfsnesi. Framlögð verklýsing svæðisskipulagsbreytingar samþykkt, sbr. 1. mgr. 23. gr skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN170737  
efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting  
á aðalskipulagi

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. janúar 2018 vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík .

Lýsing á skipulagsgerð samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana.

Verklýsing verði send á eftirfarandi aðila: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hverfisráð Grafarvogs, hverfisráð Kjalarness, íbúasamtök Kjalarness, Mosfellsbæ, íbúasamtök Leirvogstungu, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Kjósarhrepp, Samtök

sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Minjastofnun Íslands, Faxaflóahafna, Sorpu, Vegagerðina, Samgöngustofu. Orkustofnun, Veðurstofuna, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitur og Borgarsögusafn. Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9.24 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

5. Aðalskipulag Reykjavíkur, veitinga- og gististaðir, breyting á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði Mál nr. SN160890

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. apríl 2017, á breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Um er að ræða uppfærslu vegna gildistöku breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir/ábendingar: Hverfisráð Laugardals, dags. 30 júní 2017, Íbúasamtök miðborgar, dags. 14. júlí 2017 og Gestur Ólafsson, dags. 28. júlí 2017. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulag á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2017 og er nú lagt fram að nýju ásamt nýrri tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. september 2017 síðast breytt janúar 2018 um breytingu á aðalskipulagi vegna heimilda um veitinga- og gististaði. Tillagan var auglýst frá 25. október 2017 til og með 6. desember 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Benóný Ægisson f.h. stjórnar íbúasamtaka miðborgar dags. 5. desember 2017, Þórey Bjarnadóttir dags. 5. desember 2017, stjórn húsfélagsins að Stakkholti 2-4 6. desember 2017, Almenna leigufélagið ehf, dags. 6. desember 2017, Katrín Ingjaldsdóttir, dags. 6. desember 2017, Ómar Geir Þorgeirsson dags. 6. desember 2017, Jenný Sigurgeirsdóttir dags. 6. desember 2017, Guðmundur Hugi Guðmundsson dags. 6. desember 2017, Málflutningsstofa Reykjavíkur f.h. Þingvangs ehf. dags. 6. desember 2017 og Reginn fasteignafélag f.h. RA 5 ehf. dags. 6. desember 2017. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. janúar 2018. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. janúar 2018. Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.00 vikur Áslaug María Friðrksdóttir af fundi, Ólafur Kr. Guðmundsson tekur sæti á fundinum á sama tíma

6. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðborgin, breyting á aðalskipulagi, markmið um göngugötur Mál nr. SN170909

Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. desember 2017 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar markmið um göngugötur í miðborginni. Breytingartillagan felur einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og skýrari afmörkun þess svæðis ákvæðin geta náð til.

Samþykkt að kynna drög að tillögu, sbr. 2. mgr., 30. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010

Drögin verða send til kynningar á Hverfisráð í öllum borgarhlutum, Íbúasamtaka Miðborgarinnar, Miðborgarinnar okkar, Miðbæjarfélagið, Höfuðborgarstofu, Skrifstofa borgarstjórnar, Borgarminjasögusafn, Samtaka

atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu, Lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu, Stýrihóps um málefni miðborgarinnar, Aðrir lykilhagsmunaaðilar í miðborginni, Aðliggjandi sveitarfélög, og Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Blikastaðavegur 2-8, breyting á (02.4) Mál nr. SN170869  
deiliskipulagi  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Korputorgs ehf. mótt. 20. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að notkunarskilgreining byggingarreita innan lóðar breytist. Byggingarreitir sem áður voru skilgreindir fyrir vara aflsstöðvar verði skilgreindir fyrir netþjónabú og vara aflsstöðvar, samkvæmt uppdrætti Arkís arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Efstaland 26, breyting á skilmálum (01.850.1) Mál nr. SN170613  
deiliskipulags  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 17. ágúst 2017, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 26 við Efstaland. Í breytingunni felst að bætt er við texta skilmála ákvæði sem skilgreinir leyfilegan flokk gístaðstöðu og veitingaþjónustu á 3. hæð hússins, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf., dags. 2. október 2017. Tillagan var auglýst frá 20. október 2017 til og með 1. desember 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björn Stefánsson f.h. Húsfélags Efstalands 20-24 dags. 30. nóvember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017. Vísad til borgarráðs.

9. Laugavegur 66-68, breyting á skilmálum (01.174.2) Mál nr. SN170894  
deiliskipulags  
240448-2469 Reynir Adamsson, Lundur 19, 200 Kópavogur  
530117-0300 Reitir - hótél ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Lögð fram umsókn Reynis Adamssonar f.h. Reita - hótels ehf. mótt. 12. desember 2017 ásamt greinargerð dags. 12. desember 2017 um breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 66-68 við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að hafa verslun og/eða þjónustu í rými 01-0104 á jarðhæð, samkvæmt tillögu Adamssonar ehf. dags. 18. desember 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### **(B) Byggingarmál**

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 955 frá 19. desember 2017 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 956 frá 9. janúar 2018.

### **(E) Umhverfis- og samgöngumál**

11. Hreinsun göngu- og hjólastíga, kynning Mál nr. US170385

Kynnt hreinsun á göngu- og hjólastígum borgarinnar.  
Kynnt.

Hjalti J. Guðmundsson skrifstofustjóri og Björn Ingvarsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.38 viku Halldór Halldórsson af fundi, Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

12. Hringbraut við Snorrabraut, undirgöng (USK2018010025) Mál nr. US180002

Lagt fram til kynningar bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 8. janúar 2017 þar sem kynnt er fyrirhuguð undirgöng undi gömlu Hringbraut við Snorrabraut. Einnig er lögð fram fundargerð EFLU frá 21. nóvember 2017.  
Kynnt.

Stefán Finnsson verkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. SORPA bs., fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 382 frá 15. desember 2017.

Niðurstaða árlegrar könnunar meðal íbúa í Leirvogstungu.  
Opnunartími móttökustöðvar í Gufunesi.  
Niðurstaða árlegrar húsaorpsrannsóknar SORPU.  
Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs. um móttöku úrgangs.  
Kynntar niðurstöður árlegrar húsaorpsrannsóknar Sorpu.

Fulltrúi Sorpu Bjarna Hjarðar yfirverkfræðingur og Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Lyfjaskilsverkefni, kynning Mál nr. US170361

Kynnt samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lyfjastofnunar og Veitna um skil á lyfjum í apótek til eyðingar - kynningarherferð.  
Kynnt.

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

### **(C) Fyrirspurnir**

15. Klapparstígur 28 og 30, (fsp) sameining (01.171) Mál nr. SN170897  
lóða  
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þingvangs ehf. mótt. 5. desember 2017 ásamt greinargerð dags. 5. desember 2017 um sameiningu lóðanna nr. 28 og 30 við Klapparstíg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017. Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (D) Ýmis mál

16. Húsvendarsjóður Reykjavíkur 2018, Mál nr. US180003  
úthlutun styrkja 2018

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að auglýsingu um umsóknir um styrki úr Húsvendarsjóði Reykjavíkur 2018. Einnig er lögð fram tillaga formanns umhverfis- og skipulagsráðs um tilnefningu fulltrúa ráðsins í starfshóp um styrki úr Húsvendarsjóði Reykjavíkur 2018. Samþykkt að Torfi Hjartarson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir verði fulltrúar umhverfis- og skipulagsráðs í starfshópnum. Vísað til borgarráðs.

17. Gufunes, Íslenska Gámafélagið, (02.2) Mál nr. SN170835  
starfsleyfi til móttöku á lífrænum úrgangi  
og jarðgerð hans  
590182-2069 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 14, 108  
Reykjavík

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 9. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur vegna umsóknar Íslenska Gámafélagsins, dags. 4. ágúst 2017 um starfsleyfi til móttöku á lífrænum úrgangi og jarðgerð hans (moltuvinnsla) í Gufunesi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra umhverfis- og úrgangsstjórnunar dags. 5. janúar 2018 um hvort jarðgerð Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Kynnt.

18. Gufunes, Moldarblandan-Gæðamold, (02.2) Mál nr. SN170834  
starfsleyfi til móttöku á og endurvinnslu  
jarðefna  
590182-2069 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 14, 108  
Reykjavík

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 9. nóvember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur vegna umsóknar Moldarblöndunar-Gæðamold, dags. 30. ágúst 2017 um starfsleyfi til móttöku á og endurvinnslu jarðefna (um 7.500 m<sup>3</sup> á ári) og móttöku á lífrænum garðaúrgangi og jarðgerð hans (moltuvinnsla - um 600 m<sup>3</sup> á ári) í Gufunesi. Ekki er tiltekinn gildistími í umsókn en starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins eru almennt gefin út til 12 ára. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2017. Kynnt.

19. Gamli Gufunesvegurinn, tillaga Mál nr. US170347

borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins  
R17050020

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. maí 2017 ásamt tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gamla Gufunesveginum sem lögð var fram á fundi borgarráðs 4. maí 2017. Einnig eru lögð fram drög að umsögn umhverfis- og skipulagssviðs ódags.  
Kynnt.

20. Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar, Mál nr. US170376  
beiðni um umsögn

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 29. nóvember 2017 vegna samþykktar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs að vísa drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar til umsagnar fagráða, hverfisráða, öldungaráðs og fjölmeningarráðs.  
Frestað.

21. Smáhýsi fyrir dúfur, ósk um úthlutun Mál nr. US170317  
skika (USK2017100025)

Lagt fram bréf Guðmundar Jónssonar f.h. Bréfdúfnafélags Íslands dags. 4. október 2017 þar sem óskað er eftir að fá úthlutað skika undir smáhýsi fyrir dúfur. Einnig er lögð fram umsögn verkefnisstjóra á deild náttúru og garða á skrifstofu umhverfisgæða dags. 13. nóvember 2017. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. desember 2017.

Umsögn verkefnisstjóra á deild náttúru og garða á skrifstofu umhverfisgæða dags. 13. nóvember 2017 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. desember 2017 og samþykktar.

22. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170369  
steinveggir við Miklubraut

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugu Maríu Friðriksdóttur: "Fyrir liggur að steinveggir sem reistir hafa verið við Miklubraut nýverið voru ekki öryggisprófaðir. Stendur til að gera öryggisprófanir eða hvernig á að gæta þess að framkvæmdirnar uppfylli kröfur um öryggi?." Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssvið, samgöngustjóra dags. 1. desember 2017.

23. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170370  
teinagirðingar verði fjarlægðar

Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugu Maríu Friðriksdóttur: "Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fara þess á leit við Vegagerðina að teinagirðingar sem notaðar hafa verið til að aðskilja akreinar í Reykjavík verði fjarlægðar." Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssvið, samgöngustjóra dags. 1. desember 2017.

24. Tillaga borgarfulltrúa Mál nr. US180005  
Sjálfstæðisflokksins, sumarstörf fyrir  
nemendur 8. bekkjar

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sumarstörf fyrir nemendur 8. bekkjar til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

25. Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sjálfkeyrandi bílar Mál nr. US180004
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sjálfkeyrandi bíla til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.
26. Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, lagning battavalla Mál nr. US170386
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. desember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarstjórnar 5. desember 2017: "Borgarstjórn samþykkir að haldið verði áfram lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Miðað skal við að vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði. Stefnt skal að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekinnna grunnskóla eigi síðar en árið 2020. Einnig verði hugað að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla. Lagt er til að á árinu 2018 verði 90 milljónum króna varið í þessu skyni sem færast á kostnaðarstað 1104." Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
27. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, bílastæðamál við Hrannarstíg, Landakot og við nærliggjandi götur Mál nr. US170371
- Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugu Maríu Friðriksdóttur: "Bílastæðamál við Hrannarstíg, Landakot og við nærliggjandi götur eru í ólestri. Götustæði eru notuð sem langtímastæði annarra en íbúa. Lagt er til að Bílastæðasjóður geri tillögur að því hvernig bæta megi úr þessu með gjaldskyldu eða með öðrum hætti og kynni þær fyrir Umhverfis- og skipulagsráði. Ljóst er að gjaldskylda í miðborginni ýtir undir að bílum er lagt við jaðar gjaldskyldumarkanna á kostnað þeirra stæða sem íbúar hafa haft til umráða á þeim svæðum. Óskað er eftir upplýsingum um heildarstefnu Bílastæðasjóðs með tilliti til þessa. Einnig er óskað eftir því hvort að unnið sé að því að mæta íbúum í þeim tilfellum þegar þeir kjósa að hafa bíl aðeins til umráða í styttri tíma jafnvel á leigu." Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.
28. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, átak í að hefta útbreiðslu lúpínu Mál nr. US170372
- Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugu Maríu Friðriksdóttur: "Lagt er til að gert verði sérstakt átak í að hefta útbreiðslu lúpínu í borgarlandi Reykjavíkur. Gerð verði áætlun til næstu 5 ára. Sérstök áhersla verði lögð á að vernda varplönd fyrir lúpínu og endurheimta ef unnt er. Komið verði á samstarfi borgarinnar við sjálfbóðaliða og félagasamtök sem borgin mun aðstoða með tækjum og aðstöðu. Fyrirliggjandi kortlagning á vistfræði borgarlandsins verði nýtt til að skipuleggja og halda utan um þá vinnu sem unnin verður ár hvert." Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.
29. Umhverfis- og skipulagssvið, innkaupaskýrsla (USK2015020003) Mál nr. US130045

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í nóvember 2017.

30. Vatnsstígur 9a, kæra 105/2017, umsögn (01.152.4) Mál nr. SN170710  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 21. september 2017, ásamt kæru þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa að breyta skráningu íbúðar við Vatnsstíg 9a. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 19. desember 2017.

31. Barónsstígur 18, breyting á skilmálum (01.174.2) Mál nr. SN170622  
deiliskipulags  
210850-4499 Richard Ólafur Briem, Kringlan 19, 103 Reykjavík  
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi fyrir staðgreinireit 1.174.2 vegna lóðar nr. 18 við Barónsstíg.

32. Einarsnes 66-66A, breyting á (01.673.0) Mál nr. SN170849  
deiliskipulagi  
290568-5019 Svafa Arnardóttir, Einarsnes 66, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 66 við Einarsnes.

33. Kvosin, Landsímareitur, breyting á (01.140.4) Mál nr. SN170543  
deiliskipulagi  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. desember 2017 vegna samþykktar borgarstjórnar dags. 5. desember 2017 um breytingu á deiliskipulagi Landsímareits.

34. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN160849  
Hraunbær-Bæjarháls, breyting á  
aðalskipulagi, breytt landnotkun og  
fjölgun íbúða

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 varðandi samþykkt borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í breytingu á landnotkun og fjölgun íbúða við Hraunbæ-Bæjarháls.

35. Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, nýtt (04.0) Mál nr. SN170087  
deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs 21. desember varðandi auglýsingu á tillögu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4.

36. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN160527  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
530214-0870 Teiknistofan Stord ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs 21. desember á endurskoðuðu deiliskipulags- og skýringaruppdráttum sem bárust fram í athugasemdum í bréfi skipulagsstofnunar dags. 23. nóvember 2017 .

37. Fiskislóð 33, 35 og 37, breyting á (01.086.4) Mál nr. SN170736  
deiliskipulagi  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2017 vegna staðfestingar borgarráðs frá 21. desember á synjun varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfirisey) vegna lóðanna nr. 33, 35 og 37 við Fiskislóð.

38. Elliðaárvogur/Átúnshöfði svæði 1, lýsing (04.0) Mál nr. SN170899

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi lýsingu á gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1.

39. Elliðaárvogur/Átúnshöfði svæði 2, lýsing (04.0) Mál nr. SN170900

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi lýsingu á gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2.

40. Elliðaárvogur/Átúnshöfði svæði 3, lýsing (04.0) Mál nr. SN170901

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi lýsingu á gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 3.

41. Hraunbær-Bæjarháls, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160847

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hraunbæ-Bæjarháls.

42. Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á (04.772.3) Mál nr. SN160659  
deiliskipulagi  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi endurskoðun á deiliskipulags- og skýringaruppdráttum vegna athugasemda skipulagstofnunar í bréfi dags. 15. nóvember 2017.

43. Kjalarnes, Esjumelar-Varmidalur, (34.2) Mál nr. SN170885  
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi.

44. Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi (01.152.4) Mál nr. SN170824  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar að Hverfisgötu 41.

45. Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á (01.0) Mál nr. SN170555

deiliskipulagi svæði 5 og 6  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, svæði 5 og 6.

46. Hlíðarendi 2, breyting á deiliskipulagi (01.629.8) Mál nr. SN160971  
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík  
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 2 við Hlíðarenda.

47. Skeifan, rammaskipulag (01.46) Mál nr. SN160020  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi kynningu á rammaskipulagi fyrir Skeifuna.

48. Lindargata 10, breyting á deiliskipulagi (01.151.5) Mál nr. SN170076  
211184-2139 Bergur Þorsteinsson Briem, Noregur,  
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. desember 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. varðandi endurskoðun á deiliskipulags- og skýringaruppdráttum vegna athugasemda Skipulagsstofnunar dags. 15. nóvember 2017.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 12.30**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Torfi Hjartarson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir  
Ólafur Kr. Guðmundsson

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 19. desember kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 955. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 7 (01.140.415) 100856 Mál nr. BN052944  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka og dýpka kjallara, bæta við svölum á bakhlið, byggja viðbyggingu að Ingólfstorgi, innréttu veitingastað á 1. hæð og íbúðir á efri hæðum húss á lóð nr. 7 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. A-Tröð 6 (04.765.306) 112476 Mál nr. BN053818  
070869-5359 Guðrún Oddsdóttir, Reiðvað 3, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til að fjölga eignum úr einni eign í fimm eignarhluta í hesthúsi á lóð nr. 6 við A-Tröð.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.  
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
3. Álfheimar 74 (01.434.301) 105290 Mál nr. BN053862  
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta fjórðu hæð suðvesturenda þar sem stækkuð er tannlæknastofa með því að fjölgað tannlæknastólum um þrjá, röntgentæki færð og eldvarnir yfirfarnar í húsinu á lóð nr. 74 við Álfheima.  
Tölvupóstur frá Geislavörnum ríkisins dags. 17. nóvember 2017 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
4. Ármúli 19 (01.264.104) 103531 Mál nr. BN053934  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta og bæta flóttaleiðir í byggingunni og koma fyrir flóttastiga frá millilofti niður á 1. hæð og öðrum flóttastiga á norðurhlið frá 1. hæð niður á gangstétt á lóð nr. 19 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Bergstaðastræti 10A (01.180.208) 101696 Mál nr.  
BN053949  
411117-1890 Soleil ehf., Túngötu 3, 101 Reykjavík  
591297-3689 MÁLSTAÐUR ehf, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffihús í flokki I tegund F í rými 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir bréf frá umsækjanda dags. 11. desember 2017 og samþykki eiganda dags. 14. desember 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
6. Blesugróf 12 (01.885.506) 108895 Mál nr.  
BN053956  
010764-2899 Pétur Ingason, Hesthamrar 13, 112 Reykjavík  
130482-3419 Magnús Þór Hjálmarsson, Tröllakór 9, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja parhús með geymslum og bílgeymslum í kjallara á lóð nr. 12 við Blesugróf.  
Stærðir:  
A-rými 294,0 ferm., 1.090,2 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
7. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.  
BN053714  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052395 þannig að 2 vöruhúðir milli mátlína 16 til 18 eru teknar út, bætt við rampi í mátlínu 15- 16 og smá breytingar á innra skipulagi rýma vegna lokaúttektar á K,L og M í verslunarhúsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.  
Umsögn brunahönnuðar dags. 25. sept. 2017.  
Bréf frá hönnuði dags. 17. okt. 2017 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
8. Brattagata 3A (01.136.536) 100625 Mál nr.  
BN053821  
470202-2890 Tómothús ehf., Lynghaga 3, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að verslun á jarðhæð hefur verið breytt í íbúð í húsi á lóð nr. 3A við Bröttugötu.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
9. Brautarholt 2 (01.241.201) 103019 Mál nr.  
BN051678  
670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir 21 gistiíbúð í flokki II tegund E á 2., 3. og 4. hæð í húsinu á lóð nr. 2 við Brautarholt.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2016.  
Samþykki meðlóðarhafa dags. 10. júlí 2017 og 3. nóvember 2017 fylgir á A4 teikningu.  
Gjald kr. 10.100 +11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

10. Bæjarflöt 1-3 (02.576.001) 172493 Mál nr.  
BN053937  
580607-0390 Bæjarflöt 4 ehf., Laugateigi 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innkeyrsluhurð og gluggum víxlað í húsinu á lóð nr. 1-3 við Bæjarflöt.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Bæjarflöt 10 (02.575.803) 178967 Mál nr.  
BN053767  
580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir bílskúrshurð á vesturgafli í kjallara á lóðamörkum við Gylfaflöt 9 á hús á lóð nr. 10 við Bæjarflöt.  
Bréf frá hönnuði dags. 24. október 2017, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. október 2017 og þinglýst kvöð um umferðarrétt dags. 1. des 2017 fylgja erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
12. Dalhús 2 (02.841.201) 109707 Mál nr.  
BN053948  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp vatnsrennibraut við suðvesturbakka laugarinnar í Grafarvogi á lóð nr. 2 við Dalhús.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
13. Dragháls 18-26 (04.304.304) 111022 Mál nr.  
BN053961  
480714-2100 Lóuþing ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050004, um er að ræða breytingar á léttum innveggjum og byggingarlýsingu um brunavarnir í atvinnuhúsi á lóð nr. 18-26 við Dragháls.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
14. Dugguvogur 12 (01.454.301) 105638 Mál nr.  
BN053880  
060981-3619 Bryndís Lind Sigurðardóttir, Jötnaborgir 4, 112 Reykjavík

060667-2179 Jimmy Ronald Routley, Jötnaborgir 4, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 4. hæðar v/endurbóta á brunavörnum í líkamsræktarstöð í húsi á lóð nr. 12 við Dugguvog.  
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 24. nóvember 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

15. Dunhagi 18-20 (01.545.113) 106483 Mál nr.  
BN052641

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 20, koma fyrir lyftu utan á húsinu og sorpgerði fyrir verslunarrými innan í rými 0106 á lóð nr. 18 - 20 við Dunhaga.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.  
Útskrift úr gerðabók fundar umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017, (13. nóvember 2017).  
Erindið var grenndarkynnt frá 22. ágúst 2017 til og með 3. október 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Dunhaga 19, 21,23. Fálkagötu 29, Arnargötu 14. Tómasarhagi 28, 32, 34, 36,38, 40, 42,44, 46. Hjarðarhaga 27, 29, 31 og 33.  
Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ásta Logadóttir, dags. 24. ágúst 2017 og 3. október 2017, Hildur Þórisdóttir, dags. 10. september 2017, Eyþór Mar Halldórsson, dags. 11. september 2017, Ásdís Schram, dags. 18. sept. 2017, Sólveig K. Jónsdóttir f.h. eigendur og íbúa að Hjarðarhaga 27, dags. 27. september 2017, Áslaug Árnadóttir hdl. f.h. hagsmunaaðila, dags. 2. október 2017 og Einar Ólafsson, dags. 3. október 2017.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017.  
Stækkun viðbyggingu kjallara, 1. hæð og 4 hæð : 903,0 ferm., 2.459,0 rúmm.  
Gjald kr. 11.000 + 11.000 + 11.000  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.

16. Efstaleiti 4 (01.745.301) 224637 Mál nr.  
BN053993

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu fyrir fjölbýlishús mhl. 01 og 04 á lóð nr. 4 við Efstaleiti sbr. BN053226.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar

Þungavinnuvélar verði þrífnað áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Efstaleiti 4 (01.745.301) 224637 Mál nr.

BN053994

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu fyrir fjölbýlishús mhl. 02, 03 og bílakjallara mhl. 05 á lóð nr. 4 við Efstaleiti sbr. BN053223.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnað áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Efstasund 75 (01.410.116) 104999 Mál nr.

BN053950

220760-7749 Tryggvi Hallvarðsson, Efstasund 75, 104 Reykjavík

181163-2679 Þuríður Vilhjálmsdóttir, Efstasund 75, 104 Reykjavík

Sótt er um að leiðrétta skráningu á tvíbýlishúsi á lóð nr. 75 við Efstasund.

Bréf frá umsækjanda dags. 4. desember 2017.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

19. Eirhöfði 2-4 (04.030.101) 110517 Mál nr.

BN053724

520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík

Sótt er um breytingar á erindi BN051154 sem felast annars vegar í breytingum í mhl. 01 og 02 er varða uppfærslu á brunavörnum, gerð geymslulofts 0104, breytingum á gluggaskipan og gerð svala með flóttastiga, og hins vegar ósk um leyfi til að byggja stálgrindarhús, mhl.03, sem hýsa mun hjólbarðageymslu og þjónustu fyrir þá byggingu sem þegar er á lóð nr. 2-4 við Eirhöfða.

Jafnframt er erindi BN052180 dregið til baka.

Stærðir:

Mhl.01- stækkun/geymsluloft: x ferm.

Mhl.03: 2.194,0 ferm., 22.558,2 rúmm.

Erindi fylgir:

Bréf arkitekts dags. 04.12.2017.

Greinargerð um brunahönnun dags. 30.09.2017.  
Umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 27.04.2017.  
Samkomulag um kvöð vegna flutninga dags. 22.08.2017.  
Varmatapsútreikningar dags. 02.11.2017.  
Gjald kr. 11.000.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

20. Fiskislóð 45 (01.087.603) 174393 Mál nr.  
BN053962  
620908-0610 Húsfélagið Fiskislóð 45, Fiskislóð 45, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðu milliglófi í rými ??? í húsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð.  
Stækkun milliloft er : 425,3 ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. Flugvöllur (01.66.-.99) 106748 Mál nr.  
BN053877  
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir minniháttar breytingum innanhúss á öllum hæðum nema kjallara og 8. hæð og til að koma fyrir loftræsítúðum á norðurvegg vegna nýs loftræsikerfis í Flugturninum á lóð með landnúmer 106748 á Reykjavíkflugvelli.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
22. Frakkastígur 8 (01.172.109) 101446 Mál nr.  
BN053932  
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053567, um er að ræða skilgreiningu sérnotafлата og breytingu á húsnúmerum á Frakkastígsreit á lóð nr. 8 við Frakkastíg.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
23. Freyjugata 24 (01.186.601) 102297 Mál nr.  
BN053873  
710505-1440 Spur ehf, Freyjugötu 24, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir flóttasvölum á norðvestur- og suðvesturhlið, uppfæra brunamerkingar og gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum í norðausturhluta kjallara gististaðar í flokki II á lóð nr. 24 við Freyjugötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2017.

24. Grensásvegur 8 (01.295.305) 103846 Mál nr.  
BN053958  
611200-3150 Ísteka ehf., Grensásvegi 8, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi vegna stækkunar lyfjaverksmiðju í mhl. 02 í rými 0102 sem stækkar inn í rými 0101 og opna milli eignarhluta í húsi nr. 8 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.  
Samþykki meðeiganda mhl. 02 dags. 6. desember 2017 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
25. Grensásvegur 8-10 (01.295.305) 103846 Mál nr.  
BN053886  
630216-1680 E - fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum og flóttastiga á suðvesturgafli og svölum á norðausturgafli, koma fyrir þakgluggum og innréttu gististað í flokki II, teg. b fyrir xx gesti á 2. - 4. hæð skrifstofuhúss á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.  
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 28. nóvember 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.  
Erindið er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.
26. Grensásvegur 12 (01.295.406) 103853 Mál nr.  
BN053939  
480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051009 og BN051880, um er að ræða breytt fyrirkomulag á lóð íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 12 við Grensásveg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. Grjótháls 5 (04.302.301) 111015 Mál nr.  
BN053954  
671106-0670 Össur Iceland ehf., Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að fjarlægja brunahólfandi glervegg milli fram- og bakhúss á 1. hæð og hún gerð að einu sameiginlegu brunahólfi í húsinu á lóð nr. 5 við Grjótháls.  
Gjald kr 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. Gylfaflöt 2 (02.578.201) 224860 Mál nr.  
BN053887  
440907-1800 Raflagnir Íslands ehf, Brautarholti 26- 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja skemmu með millilofti, burðargrind úr stáli klædd steinullar samlokueiningum á lóð nr. 2 við Gylfaflöt.

Stærð húss: 1.465,2 ferm., 8.038,5 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. Gylfaflöt 4 (02.578.202) 224861 Mál nr.  
BN053888

440907-1800 Raflagnir Íslands ehf, Brautarholti 26- 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja skemmu með millilofti, með burðargrind úr stáli klædd steinullar samlokueiningum á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Greinargerð brunahönnuðar dags. 21. nóvember 2017 fylgir erindi.

Stærð húss: 1.829,0 ferm., 8.038,5 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. Gylfaflöt 20 (02.576.303) 179493 Mál nr.  
BN053599

440510-1400 EG bókhald ehf, Gylfaflöt 20, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og milligólfi í rými 0101 í atvinnuhúsi á lóð nr. 20 við Gylfaflöt.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2017.

Stækkun: 32,1 ferm.

Gjald kr. 11.000

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2017.

31. Hátún 2A (01.223.204) 102909 Mál nr.  
BN053693

700603-2960 Nóni ehf, Laugavegi 61, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að innréttaðar hafa verið tannlæknastofur á 2. hæð auk minni breytinga á innra fyrirkomulagi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 2a við Hátún.

Samþykki meðeigenda dags. 15.11.2017 og 22.11.2017 fylgir erindi ásamt tölvupósti frá arkitekt dags. 13.12.2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

32. Heiðargerði 21 (01.801.102) 107610 Mál nr.  
